

Nd.

509. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um byggingar- og landnámsjóð, nr. 35, 7. maí 1928.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

c-liður 3. gr. laganna orðist þannig: að hann sendi afrit af skattskrá sinni fyrir síðastl. ár um eignir og skuldir, staðfest af skattanefnd.

2. gr.

4. gr. laganna falli burt.

3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Lán til þess að reisa nýbýli á óræktuðu landi eða landi, sem að nokkru leyti hefir verið ræktað af lántakanda sjálfum síðustu fimm árin, skulu ávaxtast og endurgreiðast með jöfnum greiðslum þannig, að árlegt gjald af allri lánsfjárhæðinni sé $3\frac{1}{2}\%$ í 50 ár. Lán þessi skulu standa án afborgunar og vaxta fyrstu fimm árin.

Öll önnur lán úr sjóðnum skulu ávaxtast og endurborgast með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sé 5% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.

4. gr.

a. Í stað orðanna í 1. málgr. 9. gr. laganna: » 4% landverðs að viðbættum 2% húsaaverðs» komi: 5% landverðs að viðbættum 4% húsaaverðs.

b. Aftan við sömu grein bætist ný málgr.:

Ef lán er endurgreitt fyrir umsaminn tíma, er lánþega að jafnaði skylt að endurgreiða til sjóðsins þann vaxtamun, sem verið hefði á lánu, ef það hefði verið tekið í veðdeild bankans.

5. gr.

Aftan við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Stjórn sjóðsins er heimilt að lána til nauðsynlegra bygginga á fjórum fyrirmyndarbúum, einu í hverjum fjórðungi, með sömu lánskjörum sem til nýbýla, gegn afgjaldskvöð, að því tilskildu, að stjórn Búnaðarfélags Íslands mæli með stofnun þeirra og hafi sjálf yfirumsjón með rekstri þeirra.

6. gr.

Fyrri málsg. 18. gr. laganna falli burt.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.